

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 84/1982, um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

1. gr.

2. gr. 2. tl. fellur niður og aðrir töluliðir færast til sem því nemur.

2. gr.

2. gr. 6. tl. verður 2. gr. 5. tl. og orðist svo:

Heilbrigðisnefnd skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar, þessarar reglugerðar, byggingarreglugerðar og brunamála­reglugerðar og getur krafist hverra þeirra upplýsinga og viðbótargagna frá umsækjanda, sem hún telur þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1983.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn hreppsmála Hafnarhrepps.

I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps skal skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps er almennt í fyrirsvari fyrir sveitarfélagið og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin að lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin með samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

A. Hún fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.

1. Árlega ber hreppsnefnd að gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir hvert reikningsár (almanaksár) og eigi síðar en í febrúarmánuði. Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað sbr. B. lið. Einnig skal tekið fram hvernig áætlaðar tekjur greinast.